

Hönnun hf
Haukur Einarsson
Grensásvegi 1
108 Reykjavík

2006010089
2000; 9310

Reykjavík, 8. júní 2006
/--

Efni: Álver við Helguvík, ársframleiðsla allt að 250.000 tonn, Reykjanesbæ og Sveitarfélaginu Garði. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Norðuráls að matsáætlun um álver í Helguvík, með allt að 250.000 tonna ársframleiðslu, Reykjanesbæ og Sveitarfélaginu Garði.

Skipulagsstofnun barst með bréfi HRV sf., f.h. Norðuráls, dags. 24. mars 2006 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Norðurál. Álver við Helguvík, ársframleiðsla allt að 250.000 t., HRV sf. 24. mars 2006.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Reykjanesbæ, Sveitarfélaginu Garði, varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, Byggðastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnuninni, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, Siglingastofnun, Umhverfisstofnun og Veðurstofu Íslands. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Reykjanesbæ með bréfi dags. 10. apríl 2006, Sveitarfélaginu Garði með bréfi dags. 6. apríl 2006, Byggðastofnun með bréfi dags. 7. apríl 2006, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 4. apríl 2006, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 3. maí 2006, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 12. apríl 2006, Siglingastofnun með bréfi dags. 26. apríl 2006, varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins með bréfi dags. 17. maí 2006, Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 11. apríl 2006 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 9. maí 2006. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 10., 19. og 24. apríl, 3., 8., 12., 29. og 31. maí 2006 og tölvupóstum dags. 6. og 7. júní 2006.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Norðuráls að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfum Norðuráls dags. 10., 19. og 24. apríl, 3., 8., 12., 29. og 31. maí 2006 og tölvupóstum dags. 6. og 7. júní 2006 og með eftirfarandi athugasemdum.

Leyfi. Skipulagsstofnun bendir á að framkvæmdaraðila er heimilt, að fengnu samþykki Skipulagsstofnunar, að hafa samráð við starfsleyfisveitanda þannig að á sama tíma verði unnið að frummatsskýrslu og starfsleyfi og mælir Skipulagsstofnun með að það verði gert.

Framkvæmd og starfsemi. Í köflum 4.3.1-4.3.3 er fjallað um mannvirki framkvæmdarinnar og kosti í staðsetningu álversins. Skipulagsstofnun bendir á að mynd 4.3 sýnir ekki nægilega vel afstöðu fyrirhugaðs álvers til annarrar landnotkunar og þarf í frummatsskýrslu að birta sambærilega mynd (1:10.000) sem nær jafnlangt til norðurs en a.m.k. suður og vestur fyrir Rósaselsvötn.

Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu þarf að fjalla á sambærilegan hátt um einstaka kosti í staðsetningu álversins, á það t.d. við um loftdreifingarspá, útrás til sjávar, hávaða, sjónræn áhrif og áhrif á vistkerfi á landi og í sjó. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir kostum varðandi staðsetningu kerbrotagryfja, gerð þeirra m.t.t. þess að þær standist ágang sjávar, stærð þeirra og endingartíma auk áhrifa á ásynd strandarinnar. Í umfjöllun frummatsskýrslu um núllkost þarf einkum að fjalla um áhrif á samfélag og afleiddar framkvæmdir svo sem stækkun Helgúvíkurhafnar, virkjanir og orkuflutning til álversins.

Í kafla 4.3.4 er fjallað um framleiðsluferli. Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir magni og gerð helstu hráefna sem nota á og hverjar eru forsendur losunar mengunarefna sem taka þarf tillit til við loftdreifingarspá. Fram þarf að koma hvaða tækni verður notuð í álverinu svo sem fyrir hvaða straum kerin verða gerð.

Mörk athugunarsvæðis. Í köflum 4.1 og 4.5 er fjallað um áhrifasvæði framkvæmdarinnar og athugunarsvæði. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að athugunarsvæði sé skilgreint nægilega rúmt þannig að tryggt sé að aflað sé nauðsynlegra upplýsinga um áhrif framkvæmdarinnar þannig að unnt verði að meta áhrif hennar á umhverfið. Við afmörkun athugunarsvæðis m.t.t. áhrifa loftmengunar í byggð og á vistkerfi þarf m.a. að byggja á vindrós sem kynnt er í tillögu að matsáætlun. Samkvæmt vindrós var tíðni vinds árin 2000-2001 úr NA algengust yfir árið og í um helming tímans yfir sumarmánuðina og SA átt næst algengust. Í tillögu að matsáætlun koma ekki fram forsendur eða niðurstöður forathugunar sem vísað er til að ákvörðun um suðurmörk athugunarsvæðisins byggji á, þ.e. í átt að byggðinni. Skipulagsstofnun telur miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar að athugunarsvæði á landi sé skilgreint of þröngt og að það verði að afmarka á ný, áður en lengra er haldið, í samráði við Reykjanesbæ, Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun.

Í kafla 5.2.5 í tillögu að matsáætlun kemur fram að fyrirhugaðar séu rannsóknir á samfélögum fjöru og botndýra í nágrenni fyrirhugaðs álvers. Skipulagsstofnun bendir á að afmörkun athugunarsvæðis á mynd 4.3 til sjávar er órökstudd og kemur þar t.d. ekki fram hvar flæðigryfjur verði hugsanlega staðsettar. Hins vegar kemur fram í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila að gert sé ráð fyrir að staðsetja kerbrotagryfju norðan brimvarnagarðsins sem skýlir olíubryggju NATO. Ennfremur kemur fram í frekari upplýsingum frá

framkvæmdaraðila að fyrirhugað sé að taka sýni á alls sex stöðvum á klapparbotni nærri fyrirhuguðum kerbrotagryfjum og á tveimur samanburðarstöðvum norðan við fyrirhugað álverssvæði (í öfugri straumstefnu). Stefnt sé að því að taka sýni á um 5-10 metra dýpi. Skipulagsstofnun bendir á að afla þarf upplýsinga um strauma og ákvarða strax stærð athugunarsvæðis í fjörum og á sjávarbotni í samráði við Hafrannsóknastofnunina, Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun. Innan þess svæðis þarf að gera frumathugun á lífríki í samráði við Hafrannsóknastofnunina og Umhverfisstofnun og eftir atvikum gera tillögur um vöktun. Við mat á áhrifum m.a. útskolunar úr kerbrotum í flæðigryfjum á lífríki þarf einnig að meta hugsanlega sammögnun þess með áhrifum annars frárennslis svo sem frá iðnaði og þéttbýli inn með ströndinni.

Útblástur og kostir. Í kafla 5.2.1 er fjallað um útblástur og þurrhreinsun. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að metin verði útbreiðsla mengunarefna með og án vothreinsibúnaðar vegna nálægðar álversins við byggð. Bera þarf saman útbreiðslu loftborinnar mengunar sem og mengunar í sjó fyrir báða kostina. Í frummatsskýrslu þarf að meta áhrif útblásturs á stærð þynningarsvæðis og bera saman áhrif þurrhreinsunar og vothreinsunar á stærð þess. Það mat þarf að leggja til grundvallar ákvörðun um hvort vothreinsunar verður krafist. Gera þarf m.a. grein fyrir efnainnihaldi og áætluðu magni í frárennslis frá vothreinsibúnaði, meðhöndlun frárennslis, mótægisaðgerðum og þynningarsvæði í sjó.

Koma þarf fram í frummatsskýrslu hvaða mörk varðandi útblástur mengunarefna verða sett fram í drögum að starfsleyfi. Skipulagsstofnun bendir á, í samræmi við umsögn Veðurstofu Íslands, að hafa þurfi samráð við Veðurstofuna um hvaða veðurgögn verði lögð til grundvallar við gerð loftdreifingarreikninga.

Skipulagsstofnun bendir á að gera þarf grein fyrir áætlaðri losun loftmengandi efna og gæðamarkmiðum Norðuráls í frummatsskýrslu. Í samræmi við umsögn bæjarráðs Reykjanesbæjar og upplýsingar frá framkvæmdaraðila, þarf að sýna fram á að loftmengun verði ekki yfir mörkum í byggðinni.

Í samræmi við umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og svör framkvæmdaraðila þurfa að koma fram í frummatsskýrslu hvaða efni eru í útblæstri fyrirtækja í Helgúvík, skv. starfsleyfum þeirra, sem valda loftmengun og hvort í einhverjum tilfellum sé um sömu efni að ræða og álverið kemur til með að losa. Meta þarf hugsanleg sammögnunaráhrif bæði með tilliti til magns efna í lofti og áhrifa vegna lyktar. Taka þarf tillit til mengunarálags sem fyrir er á iðnaðarsvæðinu við Helgúvík í loftdreifingarútreikningum og við skilgreiningu þynningarsvæðis.

Landnotkun. Í kafla 5.2.9 er fjallað um landnotkun. Skipulagsstofnun bendir á, í samræmi við umsögn varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, að hafa þarf náð samráð við varnarmálaskrifstofuna við öflun upplýsinga um mannvirki á áhrifasvæði framkvæmdarinnar og mat á áhrifum framkvæmdarinnar á þau, bæði á byggingartíma og rekstartíma.

Gera þarf grein fyrir kostum á staðsetningum rafmagnslína, næst álverinu og spennuvirkja í frummatsskýrslu og leggja mat á hættu sem olíubirgðastöðinni í Helgúvík kann að stafa af þeim. Fram þarf að koma hvort mismunandi kostir á staðsetningu spennuvirkja, að höfðu samráði við Landsnet, hafi áhrif á leiðarval háspennulína eða útiloki einhverja kosti í legu þeirra.

Skipulagsstofnun bendir á, samanber umsögn Veðurstofu Íslands, að í frummatsskýrslu þarf að kanna hvort mannvirki álversins hafi áhrif á veðursjá (ratsjá) Veðurstofu Íslands á Miðnesheiði. Ef svo er þarf að kynna, að höfðu samráði við Veðurstofu Íslands, til hvaða mótvægisáðgerða verður gripið.

Fornminjar. Í kafla 5.1 í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði fjallað um áhrif á fornminjar. Skipulagsstofnun telur, í ljósi umsagnar Fornleifaverndar ríkisins, nauðsynlegt að fornleifafræðingur verði fenginn til að skrá fornleifar á hugsanlegu framkvæmdasvæði álversins. Í frummatsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar um fornleifar, sýna þarf staðsetningu þeirra á korti/loftmynd. Gera þarf grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á fornleifar og setja fram tillögur um mótvægisáðgerðir þar sem það á við.

Gróðurhúsalofttegundir. Í kafla 5.2.1 í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði fjallað um hvernig losun gróðurhúsalofttegunda samræmist stefnu íslenskra stjórnvalda, m.a. vegna Kyoto bókunarinnar, hvaða möguleikar séu á mótvægisáðgerðum og hvernig áætluð losun PFC-efna fellur að stefnu íslenskra stjórnvalda. Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu þarf að fjalla um losun PFC-efna við gangsetningu verksmiðjunnar. Ennfremur þarf að gera grein fyrir ábendingu Umhverfisstofnunar um að fjalla þurfi m.a. um PAH-efni með tillit til alþjóðsamningsins CLRTAP og koma þarf fram rökstuðningur framkvæmdaraðila fyrir því að framangreindur samningur eigi ekki við álver með forbökuð rafskaut.

Kerbrot. Í kafla 5.2.3 í tillögu að matsáætlun kemur fram að kerbrotum, kola- og stálsandsryki ásamt eldföstum fóðringum verði fargað í flæðigryfjum. Skipulagsstofnun bendir á, í samræmi við umsögn Umhverfisstofnunar, að í frummatsskýrslu sé fjallað um mögulega endurvinnslu kerbrota og annars slíks úrgangs, þó svo að reynsla af förgun kerbrota í flæðigryfju sé góð.

Tengdar framkvæmdir. Í kafla 4.6 í tillögu að matsáætlun er fjallað um tengdar framkvæmdir.

Það er álit Skipulagsstofnunar að markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum verði best náð með því að fjallað sé um framkvæmdir sem eru forsenda hver annarrar á því sem næst sama tíma. Stofnunin telur að slíkt stuðli að markvissari umfjöllun og umræðu um fyrirhugaða byggingu álvers við Helguvík, virkjanaframkvæmdir og lagningu háspennulína og betri möguleikar gefist til að bera saman jákvæð og neikvæð áhrif framkvæmdanna í heild. Á samráðsfundi með framkvæmdaraðila í febrúar síðastliðnum benti hann á að ef meta á álver, háspennulínur og orkuver samtímis líti út fyrir að það seinki áformum Norðuráls um eitt og hálf t.ár. Skipulagsstofnun vill benda á að í ljósi þess að hinn 1. júní sl. lágu fyrir viljayfirlýsingar Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur um möguleika á að afhenda orku fyrir 150.000 tonna áfanga álvers í Helguvík árið 2010, þarf að gera grein fyrir hverjir þeir orkuöflunarkostir eru og líklegum orkuflutningsleiðum í frummatsskýrslu. Koma þarf fram í frummatsskýrslu hvort orkuvinnslan hefur í för með sér framkvæmdir sem falla undir lög nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum, hverjar þær framkvæmdir eru og hvenær fyrirhugað er að málsmeðferð vegna þeirra hefjist samkvæmt framangreindum lögum. Í frummatsskýrslu þurfa að koma fram sem ítarlegastar upplýsingar frá Landsneti um hvaða svæði líklegt er að flutningslínur fari um og hvenær málsmeðferð vegna þeirra hefjist samkvæmt framangreindum lögum.

Skipulagsstofnun vísar til umsagnar Siglingastofnunar um að huga þurfi að legu sæstrengs vegna siglinga og legu skipa.

Skipulagsstofnun telur brýnt að ef það liggur fyrir nú þegar af hálfu Landsnets, sveitarstjórna eða annarra leyfisveitenda að einhver kostur flutningsleiða á tilteknum kafla sæstrengs, jarðstrengs eða loftlína, sé útilokaður í ljósi núverandi eða fyrirhugaðrar landnotkunar samkvæmt skipulagi, eða öðrum fyrirliggjandi áætlunum, þurfi það að kom fram í frummatsskýrslu.

Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu þurfi að gera skýra grein fyrir framtíðarþörfum Norðuráls á hafnarsvæði Helguvíkur og samkomulagi við eiganda hafnarinnar um byggingar- og gámasvæði. Fram þarf að koma í frummatsskýrslu ef það liggur fyrir að eigandi hafnarinnar hyggst stækka hana út fyrir núverandi hafnargarða, þar sem slík stækkun er tilkynningarskyld framkvæmd skv. lögum nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulag og leyfi. Í kafla 3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um skipulag, eignarhald og landnotkun. Þar kemur fram að framkvæmdin er fyrirhuguð á svæði við Helguvík sem skilgreint er í Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 sem iðnaðarsvæði. Framkvæmdin gæti einnig náð inn á varnarsvæði sem er innan Sveitarfélagsins Garðs.

Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu þarf að koma fram hver er staða skipulags á öllu fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Fylgiskjöl: Afrit umsagna

Afrit: Reykjanesbær, Sveitarfélagið Garður, varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins, Byggðastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnunin, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Siglingastofnun, Umhverfisstofnun og Veðurstofa Íslands.